

DREKASKÁTAMÓT 2025

Fyrsta upplýsingabréf mótstjórnar



GEIMDREKAR Á ÚLFLJÓTSVATNI

Drekaskátamót 2025 verður haldið helgina 13. - 15. júní á Úlfljótsvatni, en líkt og síðustu ár verður mótið yfir heila helgi. Skátarnir gista því tvær nætur frá föstudegi fram á sunnudag. Geimveruþema verður á mótinu að þessu sinni.

Verð

Mótsgjaldið er 11.000 kr. fyrir drekaskátana. Einn foringi fær frítt fyrir hverja 10 krakka sem skrá sig á vegum félagsins. Kostnaður fyrir aðra foringja eru 6.000 kr.

Dagskrá

Dagskrá verður með svipuðu sniði og áður, nánari upplýsingar um dagskrána mun berast síðar.

Matur

Mótið býður upp á kvöldmat og kvöldkaffi bæði á föstudeginum og á laugardeginum. Allar aðrar máltíðir þurfa félögin að útvega og matreiða sjálf.

Undirbúningur fyrir mótið

Við hvetjum ykkur til að fara yfir þessi atriði (hér að neðan) með drekunum ykkar fyrir mótið. Mörg eru ef til vill að fara í sína fyrstu útilegu og að undirbúa þau vel fyrir viðburðinn getur gert gæfumun bæði fyrir þeirra upplifun og ykkar sem fara með skátunum á mótið.

- **Útbúnaður** - Hvernig er best að pakka fyrir tjaldútilegu á Íslandi. Gott er að hvetja skátana á að fá búnað lánaðan hjá vinum og ættingjum og þau þurfa ekki að kaupa allt nýtt. Einnig að minna á mikilvægi þess að skátranir pakki sem mest sjálf eða eru með í ferlinu svo þau viti sjálf hvað þau eru að taka með sér.

- **Tjöldun** – Sniðugt er að kenna skátunum að tjalda sínum tjöldum sjálf sem þau munu sofa í á mótinu. Einnig er þetta góður tími til að fara yfir tjöldin.
- **Matur** - Hvernig er best að elda mat í útilegu. T.d. á prímus eða Muurikku. Hægt er að ákveða matseðil saman og skipta hópunum niður í eldhúsflokka. Hér er einnig hægt að fara yfir hvernig best er að ganga frá mat milli máltíða í tjaldbúð og hvernig á að vaska upp matarsettin sín.
- **Hnútar** – Fara yfir hnúta sem þau geta nýtt sér t.d. fánahnútur sem er sniðugur í fánaathöfn og hestahnútur sem er tilvalinn í súrringar.
- **Söngvar** - Skemmtilegast er þegar öll geta tekið undir á kvöldvökunni og hvetjum við ykkur til að æfa algengustu skátasöngvana.
- **Skemmtiatriði** - Skemmtiatriði lífga alltaf upp á kvöldvökur og þess vegna er um að gera að sveitin undirbúi eitt slíkt fyrir mótið.
Ef þið ætlið að vera með skemmtiatriði þá biðjum við ykkur að senda okkur póst á drekaskatamot@skatar.is
- **Búningar og tjaldbúðaskreytingar** - Til að gera mótið sem skemmtilegast væri gaman ef skátarnir koma með búninga í takt við þemað t.d. geimverubúninga. Síðan er tilvalið að sveitin fündri saman tjaldbúðaskreytingar sem munu prýða mótssvæðið meðan á mótinu stendur, eins og félagsfána og önnur sveitareinkenni.
- **Flokkun** - Við flokkum ruslið á mótinu; pappi, plast og almennt rusl og er því um að gera að kenna drekaskátunum í hvaða tunnu ruslið þeirra á að fara.

Þessi listi er að sjálfsögðu ekki tæmandi en við teljum að mótið verði mun skemmtilegra ef allar sveitir fara yfir þessi atriði 😊

Allar spurningar má senda á drekaskatamot@skatar.is

Skátakveðja,

Mótsstjórn Drekaskátamóts

